

Fyrirspurn

til velferðarráðherra um hækkun kostnaðarhlutdeildar lífeyrisþega,
öryrkja og barna vegna sjúkraþjálfunar.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvaða ástæður búa að baki hækkun kostnaðarhlutdeildar lífeyrisþega, öryrkja og barna vegna sjúkraþjálfunar umfram verðlagshækkunar, sbr. reglugerð nr. 1186/2011 um breytingu á reglugerð nr. 721/2009 um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratrygginga í kostnaði við þjálfun?
2. Hvers vegna er hlutfallshækkun greiðslna lífeyrisþega, öryrkja og barna hærri en annarra samkvæmt þessum breytingum?